



S A F

Samtök ferðaþjónustunnar

Umhverfisstefna

**ÁBYRG NÝTING AUÐLINDA
VERNDUN LANDS OG MENNINGAR**

Ferðapjónusta á Íslandi byggir að miklu leyti á einstæri náttúru sem ferðamenn koma um langan veg til að upplifa.

Umhverfisstefna SAF miðar að því að viðhalda og vernda íslenska náttúru, atvinnugreininni og mannlífi til hagsbóta.

Samtökin munu hvetja starfsmenn sína, aðildarfyrirtæki og starfsmenn þeirra til að taka virkan þátt í þessu starfi með því að hafa eftirfarandi stefnumið að leiðarljósi.

1. Ábyrg nýting auðlinda

Ferðapjónustna munu af fremsta megni leitast við að nota auðlindir með sjálfbærum og ábyrgum hætti í starfsemi sinni. Þar sem ekki verður komist hjá nýtingu óendurnýjanlegra auðlinda, verður gætt fyllsta aðhalds með ábyrga skipulagningu og áherslu á endurnýtingu og endurvinnslu að leiðarljósi.

Framkvæmd/leiðir/hlutverk:

Lögð er áhersla á að nýta auðlindir á þann veg að tekið verði tillit til sérkenna íslenskrar náttúru og áhersla lögð á að viðhalda þeim.

Lögð er áhersla á rétt ferðapjónustunnar til nýtingar auðlinda, svo sem þeirra sem felast í öræfum, almenningum og hafinu umhverfis Ísland, enda taki öll nýting mið af ákvæðum þessarar greinar um sjálfbæra og ábyrga nýtingu og þar með hámarksafrakstur svæðisins til framtíðar. Stuðlað verður að úrbótum þar sem þegar hefur verið gengið á auðlindir með starfsemi ferðapjónustufyrirtækja.

2. Verndun lífríkis og landslags

Lögð er áhersla á verndun lífríkisins og landslags í öllum athöfnum sem hafa áhrif á ferðapjónustuna sem og það umhverfi sem hún starfar í.

Framkvæmd/leiðir/hlutverk:

Liður í þessu er að draga úr eyðslu efna og orku, og halda í lágmarki þeim úrgangi sem losaður er út í andrúmsloftið, vatn eða jarðveg. Sérstaka áherslu ber að leggja á varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni í þessu sambandi. Að sama skapi ber að leggja ríka almenna áherslu á verndun gróðurs, jarðvegs, sjávar, menningar og menningarmínja. Strax við skipulag svæða verði verði lögð áhersla á að framkvæmdir og þjónusta á viðkvæmum svæðum sé metin með tilliti til umhverfisáhrifa og sjónrænna þátta.

3. Umhverfisstjórnun

Samtökin hvetja aðildarfyrirtæki til að koma sér upp umhverfisstjórnunarkerfi í þeim tilgangi að bæta frammistöðu sína og styrkja ímynd ferðaþjónustunnar.

Framkvæmd/leiðir/hlutverk:

Ábyrg umhverfisstjórnun felur í sér m.a. mat á umhverfisáhrifum, vistvæn innkaup og þjálfun og fræðsla ofl. Samtökin munu leitast við að leiðbeina fyrirtækjunum um hvaða aðferðir og kerfi eru í boði og stuðla að fjárhagslegri viðurkenningu stjórnvalda á mikilvægi slíkra kerfa

4. Miðlun upplýsinga.

Samtökin leggja áherslu á greiða miðlun upplýsinga um umhverfisstarf ferðaþjónustunnar og opin skoðanaskipti við alla hagsmunaaðila.

Framkvæmd/leiðir/hlutverk:

Umræða um umhverfismál verði eflað innan fyrirtækja og hvatt til skoðanaskipta. Aukinn áhugi starfsmann og annarra hagsmunaaðila ásamt opinni umræðu mun efla gildi umhverfismál í greininni. Í þessum tilgangi munu samtökin reglulega safna saman upplýsingum um aðgerðir fyrirtækja í umhverfismálum og leggja áherslur á ágóða af umhverfisstarfinu auk þess sem fyrirtæki geta miðlað af reynslu sinni. Skýrsla verður gefin út á 3ja-5 ára fresti til að meta stöðuna hverju sinni.

5. Skipulag og fjárfestingar

Samtökin leggja áherslu á að náttúruvernd og umhverfismál séu höfð að leiðarljósi við ákvarðanir um fjárfestingar í ferðaþjónustu.

Framkvæmd/leiðir/hlutverk:

Samspil manns og náttúru hefur mikil áhrif á heildarskipulag landsins, þjónustustig, aðgengi og heildarupplifun ferðamanna á landinu. Því er mikilvægt að tekið sé tillit til þarfa greinarinnar þegar kemur að skipulagsmálum allt frá heildarskipulagi fyrir landið niður í skipulag einstakra svæða og bygginga.

6. Menntun og fræðsla

Samtökin munu stuðla að því að aðildarfyrirtæki hafi greiðan aðgang að þjálfun og fræðslu um umhverfismál fyrir starfsmenn sína.

Framkvæmd/leiðir/hlutverk:

Markmið fræðslunnar er að auka umhverfisvitund starfsmanna og auðvelda þannig innleiðingu og innra starf aðildarfyrirtækjanna á umhverfissviðinu. Starfsmenn gera sér betur grein fyrir hlutverki sínu og hjálpa til við að draga úr neikvæðum áhrifum starfseminnar á umhverfið og að stuðla að stöðugum úrbótum á sviði umhverfismála hjá ferðaþjónustunni.

7. Lög og reglur

Samtök ferðapjónustunnar vinna í samræmi við lög og reglur um umhverfis og skipulagsmál. Samtökin beita sér fyrir því að lög og reglur á þessu sviði sé í samræmi við langtímamarkmið greinarinnar.

Framkvæmd/leiðir/hlutverk:

Í þessari viðleitni verður lögð áhersla á að fylgjast með væntanlegum breytingum á umhverfislöggjöf og taka tillit til þeirra við gerð langtímaáætlana fyrir samtökin. Samtökin vilja tryggja að öll starfsemi aðildarfyrirtækja sé í samræmi við texta og tilgang laga, reglugerða, samninga og aðrar samþykktir um verndun umhverfisins og munu hvetja aðildarfyrirtæki til að hafa einnig markmið þessarar greinar að leiðarljósi.

8. Umhverfisnefnd

Innan samtakanna starfar umhverfisnefnd. Nefndinni er ætlað veigamikil hlutverk í allri starfsemi og stefnumótun samtakanna.

Framkvæmd/leiðir/hlutverk:

Samtökin munu tryggja henni grundvöll til að gegna hlutverki sínu. Umhverfisnefndin stendur vörð um hagsmuni ferðapjónustunnar sérstaklega hvað varðar varðveislu og vernd þeirrar auðlindar sem felst í náttúru Íslands. Nefndin er stjórn samtakann til ráðgjafar í málum sem til hennar er beint og hefur auk þess frumkvæði að aðgerðum sem stuðlað geta að sem öflugastri innleiðingu umhverfisstefnu samtakanna.